

11. júlí 2025

**Efni: Greinargerð vegna starfsleyfisvinnslu – Námuvinnsla Vestari Hraungerðisnáma (E1)**

Umsókn um starfsleyfi vegna grjótnáms úr Vestari Hraungerðisnámu (E1), 690 Vopnafirði, barst þann 20. 5.sl. Umsækjandi var Vopnafjarðarhreppur, kennitala 710269-5569

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins var í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tillaga að starfsleyfi var auglýst á heimasíðu HAUST þann 12.6.2025, 4 vikna frestur til að skila inn athugasemdum rann því út þann 10.7.2025.

Í umsögn skipulagsfulltrúa Vopnafjarðarhrepps kemur fram að náman sé skilgreind sem efnistökusvæði í aðalskipulagi og vinnsla í henni því í samræmi við skipulagsáætlanir.

Engar athugasemdir voru gerðar við auglýst starfsleyfisdrög á umsagnartíma og var starfsleyfi útgefið í dag með gildistíma í 12 ár.

Engar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingafyllst



Kjartan Róbertsson  
heilbrigðisfulltrúi